# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2002 eftirtaldar tillögur að deiliskipulagi:

- Deiliskipulag fyrir byggðarkjarna í Árnesi norðan þjóðvegar númer 32 sem meðal annars felur í sér íbúðarsvæði, skólahúsnæði, tjaldsvæði, verslunar- og þjónustubyggingu og aðstöðu fyrir útivist og hestamennsku. Sunnan þjóðvegar er gert ráð fyrir athafnasvæði á 15 lóðum.
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Minni-Mástungu sem gerir ráð fyrir níu frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag frístundabyggðar við Kálfá sem gerir ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag byggðar í Árnesi sunnan þjóðvegar 32 þar sem gert er ráð fyrir 10 íbúðarhúsalóðum á stærðarbilinu 33.210 $m^2$ - 82.000 $m^2$.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og tekur þegar gildi.

*Árnesi, 6. mars 2003.*

**Ingunn Guðmundsdóttir** sveitarstjóri.